

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík 6. desember 2012,

**Efni: Umsögn Samtaka álframleiðenda um mál 468 – Ráðstafanir í ríkisfjármálum**

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld er í 18. grein lagt til að sólarlagsákvæði laga 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta verði framlengt til 31.12.2015, en lögin eiga að óbreyttu að falla úr gildi í árslok. Lögin kveða meðal annars á um álagningu sérstaks raforkuskatts í þrjú ár, frá 2010 til ársloka 2012 að telja.

Samtök álframleiðenda á Íslandi mótmæla þessum áformum harðlega og ítreka með umsögn þessari fyrri umsagnir um sama mál.

Framlenging raforkuskatts er skýrt brot á samkomulagi er gert var við stjórnvöld í desember 2009. Samkomulag þetta fól í sér að álfyrirtækin þrjú sem starfa hér á landi auk Elkem á Grundartanga, féllust á fyrirframgreiðslu tekjuskatts á árunum 2010-2012 gegn því að álagning raforkuskatts yrði tímabundin til þriggja ára. Í fyrrnefndu samkomulagi segir að fyrirframgreiðsla fyrirtækjanna á tekjuskatti, „ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sem lagðir verða á með sérstökum lögum, mun standa í þrjú ár frá árinu 2010 að telja. Skattarnir eru tímabundnir og falla niður í lok árs 2012.“

Þá telja samtökin það ljóst að fyrrgreind áform brjóti einnig í bága við ákvæði fjárfestingasamninga félaganna við Íslensk stjórnvöld.

Fyrirtækin hafa staðið að fullu við sinn hluta þessa samkomulags með fyrirframgreiðslu tekjuskatts, samtals að fjárhæð 2.236 milljónir króna. Jafnframt má benda á að skatttekjur ríkissjóðs hafa aukist umtalsvert af starfsemi þessara fyrirtækja á sama tíma og ekki eru horfur á öðru en að sú verði áfram raunin á næstu árum vegna umfangsmikilla framkvæmda og aukinna umsvifa í rekstri. Íslenskur áliðnaður leggur því mikið af mörkum til að styrkja afkomu ríkissjóðs á komandi árum.

Einnig er rétt að benda á að til að tryggja framgang þessa samkomulags samþykkti Alþingi sérstakan viðauka við fjárfestingarsamninga allra samningsaðila. Í greinargerð með því frumvarpi sem Alþingi fékk til meðferðar vegna þessa er að finna ákvæði samkomulagsins frá 7. desember 2009. Jafnframt er í sérstökum viðauka sem gerður var við fjárfestingarsamning Alcan, tekið sérstaklega fram að þessi skattlagning sé tímabundin og falli niður í árslok. Viðaukasamningurinn var samþykktur af Alþingi 10.

janúar 2010. Með þessu má segja að Alþingi hafi staðfest það markmið samningsaðila að um tímabundinn skatt yrði að ræða sem falla myndi niður í árslok 2012.

Það hlýtur að teljast til eðlilegra væntinga hjá fjárfestum hér á landi að stjórnvöld standi við skriflega samninga sem undirritaðir hafa verið af tveimur ráðherrum ríkisstjórnarinnar og staðfestir af Alþingi. Á undanförunum árum hafa íslensk stjórnvöld lagt mikla áherslu á að laða hingað til lands aukna erlenda fjárfestingu. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að hægt sé að treysta samningum íslenskra stjórnvalda í þessu samhengi. Á það ekki síður við um þá fjárfesta sem þegar starfa hér á landi en nýja fjárfestingu.

Vert er að hafa í huga að nýtfyrirkomulag fjárfestingarsamninga hér á landi hvílir á sambærilegu réttaröryggi fyrir erlenda fjárfesta og fyrrgreint samkomulag vegna raforkuskattsins. Trúverðugleiki íslenskra stjórnvalda í þessum efnum er því afar mikilvægur.

Samtökin treysta því að Alþingi sjái til þess að íslensk stjórnvöld standi við gerða samninga og hverfi frá áformum sínum um framlengingu á álagningu raforkuskatts.

Samtökin myndu fagna því að fá að kynna nefndinni sjónarmið sín í þessu máli, sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka álframleiðenda á Íslandi,



---

Þorsteinn Víglundsson

Framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda á Íslandi